



BÖRN HÆLISLEITENDA HVAÐ ER BARNI FYRIR BESTU?

Fríða Bjarney Jónsdóttir
Verkefnastjóri fjölmennningar í
leikskólum.
frida.b.jonsdottir@reykjavik.is

HEIMURINN ER HÉR

Fjölmenningararteymi á skrifstofu SFS sinnir ráðgjöf og upplýsingagjöf varðandi málefni barna af erlendum uppruna í skóla og frístundastarfi.

Teymið skipa:

- Dagbjört Ásbjörnsdóttir frístundastarf
- Dröfn Rafnsdóttir grunnskólar
- Fríða Bjarney Jónsdóttir leikskólar (formaður teymis)

Heimurinn er hér – fjölmenningarstefna SFS

- móttökuáætlanir o.f.l. liggja til grundvallar
- móttaka barna sem sækja um alþjóðlega vernd er sértækari



BARNASÁTTMÁLI SAMEINUÐU ÞJÓÐANNA

1. grein Hugtakið barn

- Barn er einstaklingur undir 18 ára aldri, nema lög heimalands þess segi annað.

2. grein Jafnræði — bann við mismunun

- Öll börn skulu njóta réttinda Barnasáttmálans án tillits til kynþáttar, litarháttar, kynferðis, tungu, trúar, stjórnmálaskoðana, ætternis, fötlunar, félagslegrar stöðu eða annarra aðstæðna þeirra eða stöðu eða athafna foreldra þeirra.

3. grein Það sem barninu er fyrir bestu

- Allar ákvarðanir eða ráðstafanir yfirvalda er varða börn skulu byggðar á því sem er börnum fyrir bestu. Setja á lög og reglur sem tryggja börnum þá vernd og umönnun sem velferð þeirra krefst. Aðildarríki eiga að sjá til þess að stofnanir og þjónusta sem annast börn uppfylli reglur sem stjórnvöld hafa sett, sérstaklega um öryggi, heilsuvernd, fjölda og hæfni starfsmanna og yfirumsjón.

ÚTLENDINGALÖGIN 2016 NR. 80 16. JÚNÍ

TAKA GILDI 1. JANÚAR 2017

10. gr. Almennar reglur um málsmeðferð - Ákvörðun sem varðar barn skal tekin með **hagsmuni þess að leiðarljósi**. Barni sem myndað getur eigin skoðanir skal tryggður réttur til að tjá sig í máli sem það varðar og skal tekið tillit til skoðana þess í samræmi við aldur og þroska.

37. gr. grundvöllur alþjóðlegrar verndar -Við mat skv. 1. og 2. mgr. í málum sem varða börn, fylgdarlaus sem önnur, skal það sem er **barninu fyrir bestu haft að leiðarljósi**.

25. grein greining á sérþörfum og stöðu umsækjenda um alþjóðlega vernd -Sæki fylgdarlaust barn um alþjóðlega vernd skal Útlendingastofnun **tryggja að það fái þjónustu og meðferð í samræmi við aldur þess og þroska**

26. gr. Öflun upplýsinga -Ávallt skal litið svo á við meðferð máls að umsækjandi um alþjóðlega vernd sem segist vera undir lögaldri **sé barn þar til annað kemur í ljós með aldursgreiningu eða á annan hátt**. Þó er heimilt að víkja frá þessu ef augljóst er að viðkomandi sé lögráða.

31. grein Hagsmunagæsla barns -Barnaverndarstofa skal tryggja hagsmunagæslu barns, sbr. 13. tölul. 3. gr. Heimilt er að víkja frá þessu ef augljóst er að viðkomandi er lögráða, sbr. ákvæði 3. mgr. 26. gr

UMSÆKJENDUR UM ALÞJÓÐLEGA VERND/HÆLISLEITENDUR



Umsækjandi um alþjóðlega vernd/hælisleitandi

- Mikið óöryggi og endalaus bið sem einkennist af einangrun og aðgerðarleysi hefur djúpstæð áhrif á þroska barna
- „Hælisleitendur eru fastir í einhvers konar eyðu í tilverunni, svartholi“ (Anna Lára Steindal og Ibrahim Faraj, *Undir fíkjutré, saga af trú, von og kærleika*, 2015).

Börn hælisleitenda til Íslands 2015 voru 79 þar af 7 fylgdarlaus börn

Þrjú sveitarfélög sem þjónusta hælisleitendur — Reykjavík, Reykjanesbær og Hafnarfjörður

- Samningur ríkisins við Reykjavík kveður á um þjónustu við 5 fjölskyldur, er í endurskoðun og verður fjölgun á fjölskyldum
- Útlendingastofnun þjónustar líka fjölskyldur og börn — ath. skóli leikskóli, sýn á þjónustu við börn?

BÖRN HÆLISLEITENDA Á LEIK- OG GRUNNSKÓLAALDRI Í REYKJAVÍK

Skv. viðauka við samning Reykjavíkur við Útlendingastofnun er tryggt að

- „þjónustuaðili geti þjónustað barn með fullnægjandi hætti án þess að viðbótarkostnaður vegna þess leggist á þjónustuaðilann. Í þeim tilgangi verður fjárhagslegum upplýsingum um þjónustu safnað skipulega á gildistíma þessa viðauka“.
- Dagforeldrar, leikskóli, grunnskóli, frístundaheimili-félagsmiðstöðvar

Þjónustumiðstöð Miðborgar og Hlíða sinnir þjónustu við alla hælisleitendur í borginni en skólarnir hafa auk þess bakland, ráðgjöf og stuðning frá fjölmenningatryggingum SFS

- Á fagskrifstofu SFS er búið að móta verklag í samvinnu við VEL til að tryggja yfirsýn yfir málefni fjölskyldna í hælismeðferð og verklag um upplýsingagjöf og ráðgjöf við skóla

Í dag eru fjölskyldur hælisleitenda búsettar í Breiðholti, Laugardal/ Háaleiti, Miðborg og Vesturbæ

- Tíu grunnskólabörn í tveimur grunnskólum og sjö leikskólabörn í fjórum leikskólum

VERKLAG UM ÞJÓNUSTU VIÐ BÖRN

Samskipti fjölmenningatrymis SFS við fulltrúa ÞVMH sem heldur utan um verkefnið

Umsóknir í skóla, yfirsýn yfir þær fjölskyldur sem eru búsettar í sveitarfélaginu

Upplýsingar og verklag fyrir stjórnendur í leikskóla, grunnskóla og frístund v. móttöku barna sem sótt hafa um alþjóðlega vernd/hæli á Íslandi

- Lög um útlendinga og skilgreiningar
- Ráðgjöf fræðsla og upplýsingagjöf á skrifstofu SFS
- Þjónusta við börnin og samstarf við ÞVMH
- Samstarf við leikskóla, grunnskóla og frístundastarf
 - móttökuáætlanir fyrir leikskóla, grunnskóla og frístundaheimili (félagsmiðstöðvar)

Kynnt á fundum stjórnenda og sent til allra

MEÐ HVADDA HÆTTI ER HÆGT AÐ TRYGGJA HAGSMUNI BARNNA HÆLISLEITENDA?

Við sem fagaðilar þurfum að standa vörð um hag, velferð og réttindi allra barna á Íslandi á hverjum tíma skv. lögum og Barnasáttmálanum sem hefur verið lögleiddur

MA rannsókn Helgu Guðmundsdóttur:

- Margir þættir hafa áhrif á sálfélagslega velferð fjölskyldunnar
- Lítið samráð við börnin – þarf að gera þau sýnilegri og virkari í umsóknarferlinu,
- Foreldrar þróa að geta veitt börnum sínum framtíð

Fundur á vegum SFS 4. mars - samtali fagaðila sveitarfélaganna þriggja, KÍ og Sambands íslenskra sveitarfélaga um nám og frístundir barna hælisleitenda

- Samræma þarf þjónustu við börn hælisleitenda á milli sveitarfélaga og hjá útlendingastofnun
- Móttaka, aðlögun og nám hælisleitenda er viðkvæm þjónusta sem þarf að koma til móts við börn foreldra sem hafa yfir höfði sér að verða vísað úr landi eftir tiltekin tíma.
 - Þetta er flókið fyrir börnin sjálf, foreldrana og kennara/starfsfólk í þeim skólum sem taka á móti börnunum

SAMRÁÐSHÓPUR UM NÁM OG FRÍSTUNDIR BARNA SEM SÆKJA UM ALÞJÓÐLEGA VERND

Innanríkisráðuneytið heldur utan um vinnuna

- Fulltrúar sambands sveitarfélaga, KÍ, Menntamálaráðuneytis, velferðarráðuneytis, innanríkisráðuneytis, SFS, Lækjarskóla í Hafnarfirði, kennsluráðgjafa jöfnunarsjóðs, rauða krossins

Markmiðið að samræma vinnu með börnin annars vegar á meðan þau eru í þjónustu ÚTL og hinsvegar eftir að þau koma í þjónustu sveitarfélaga

Spurningar sem þarf að svara:

- hvernig skólaúrræði/frístund, leikskóli hentar best?
- eiga börnin að fara í almennan skóla?
- eiga börnin að fara í sama nám og jafnaldrar?
- hvar standa þau í námi og hvað er best fyrir þau miðað við það?
- eiga bara þau börn að fara í skóla sem líklegt er að verði áfram á Íslandi?
- eiga börnin að vera í einu úrræði á meðan þau eru í þjónustu ÚTL og öðru eftir að þau koma til sveitarfélaga?



SKÓLINN – LEIKSKÓLINN SEM MIÐJA

Tengslin sem myndast við kennara og starfsfólk í skóla- og frístundastarfi

Traust til skóla – mikið leitað til kennara

Fjölskyldumiðstöðvar – opinn leikskóli

Skólinn- leikskólinn – frístundaheimilið sem miðja þjónustu við fjölskyldur??

NETWORK OF INDEPENDENT EXPERTS IN EDUCATION 2016

Fulltrúar 12 landa komu saman í Stokkhólmi í apríl 2016

Markmiðið að ræða menntun barna innflytjenda og þær áskoranir sem blasa við í Evrópu í dag

- Sameiginlegt verkefni að tryggja menntun allra barna í álfunni, mikilvægt að byrja strax jafnvel áður en varanlegt dvalarleyfi er fengið, varðar alla framtíð barnanna


Áhersla á að skoða hvort væri betra að börn færu í móttökuskóla eða beint inn í almenna skólakerfið, engin niðurstaða!!

Prófessor Nihad Bunar

- Þarfir fjöldans eða hópsins ekki alltaf þær sömu og þarfir einstaklinga
- Áhersla á þá sýn að í þjónustu og menntun barna séu það einstaklingsbundnar þarfir þeirra sem ráði för en ekki stofnanabundnar og kerfislægar þarfir
- Áhersla á ákveðið frelsi stofnana til að sinna þjónustu á grundvelli laga (hugsa út fyrir kassan þegar þjónusta er þróuð)

LEVEKÅR FOR BARN I ASYLSÖKERFASEN

NÝ SKÝRSLA UM VINNU MEÐ BÖRN HÆLISLEITENDA Í NOREGI [HTTP://SAMFORSK.NO/PUBLIKASJONER/LAEVEKAR_2015_WEB.PDF](http://samforsk.no/publikasjoner/lavekar_2015_web.pdf)



Í skýrslunni er fjallað um niðurstöður viðamikillar rannsóknar á aðbúnaði barna hælisleitenda í Noregi 2013-2015.

Mikil áhersla er lögð á að varpa ljósi á raddir barnanna sjálfra og skoða hvernig þau upplifa líf sitt, nám og aðbúnað.

Samantekt á ensku og ábendingar um mikilvæga þætti sem brýnt er að huga að þegar kemur að menntun, þjónustu og aðbúnaði fyrir börn hælisleitenda.

Börn á leikskólaaldri:

- Yngstu börnin sérstaklega viðkvæm
- Skortur á tengslum við stórfjölskyldu gerir börnin háð foreldrum sínum – hefur áhrif á þroska þeirra
- Leikskóli frá 2ja ára nauðsynlegur til að tryggja sem eðlilegast líf í óeðlilegum aðstæðum

Börn á grunnskólaaldri:

- Setja aukin kraft í að sinna menntun barna sem hafa ekki verið í skóla um hríð til að koma í veg fyrir að þau dragist enn meira aftur úr
- Auka vægi tvítyngismenntunar og móðurmálskennslu
- Nýta frístund og dagvistun eftir skóla til að tryggja félagslega aðlögun – hafa hana gjaldfrjálsa

STROF- LEIÐIR TIL AÐ MÆTA ÞÖRFUM FLÓTTABARNA Í SKÓLA-FRÍSTUNDASTARFI

Struktur (Skipulag)

- koma röð og reglu á daglegt líf, sama rútna dag frá degi

Tale og tid (Tími og nærvera til að tala saman)

- Verum „nærverandi“ sýnum samkennd, gefum börnum tækifæri til að tjá sig án orða, hlustum og þvingum þau ekki til að gera það sem þau ekki vilja

Ritualer (Hefðir og hátíðir)

- Kynnið ykkur hefðir og hátíðir í lífi barnanna og skapið rútnu um sameiginlegar hefðir barna s.s. afmæli

Organiseret leg (Leikur þarf að vera markviss hluti af daglegu lífi)

- Leikur skapar frelsi, aðstoðið börn við að taka þátt í leik saman með öðrum börnum, skipuleggið leik og viðfangsefni sem hæfa aldri og þroska barna

Foreldrasamarbejde (Foreldrasamstarf)

- Sýnum áhuga, umhyggju og vilja til að kynnast, foreldrar eru með frá upphafi, hafið barnið og þarfir þess í brennidepli, kynnið siði, venjur og reglur fyrir foreldrum.

AÐ LOKUM

Nicole Dubus

- Tryggja að allt það sem við gerum í dag í þjónustu við flóttafólk og hælisleitendur miði að því hvernig við viljum sjá samfélagið eftir 30 ár
- Tryggja samráð, samstarf og samtal á milli kerfa

Linda Rós Alfreðsdóttir

- Kynslóð barna að alast upp sem ekki hefur fengið menntun í allt að 4 ár líkt og í Líbanon þar sem eru 1.5 milljón flóttamanna
- Það sem brennur á foreldrum á flótta er að fá tækifæri fyrir börnin og við getum sagt að verkefnið sé vel heppnað ef börnin komast á legg



HOME by Warsan Shire

<http://seekershut.org/blog/2015/09/home-warsan-shire/>

No one leaves home
unless home is the mouth of a shark
You only run for the border
when you see the whole city running as well
You have to understand,
that no one puts their children in a boat,
unless the water is safer than the land